

EFTIRLITSSKÝRSLA

Háafell ehf. Nauteyri



Dags eftirlits	11.6.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Háafell ehf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Nauteyri	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	520199-3149	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Yordan Slavov	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Ársyfirliti fyrir árið 2022 var ekki skilað innan tilskilins frests. 2) Ársyfirliti fyrir árið 2023 var ekki skilað innan tilskilins frests. 3) Grænu bókhaldi fyrir árið 2022 var ekki skilað innan tilskilins frests. 4) Fullnægjandi grænu bókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað. 5) Fosfórlausun árið 2022 var 10,1 kg P/tonn af framleiddum fiski sem er umfram þau 9,0 kg P/tonn af framleiddum fiski sem starfsleyfið heimilar. 6) Öryggisblöð voru ekki til staðar í stöðinni. Ein ábending var gerð, ársyfirlit skal vera í samræmi við gr. 4.4 í starfsleyfi rekstraraðila. Ekkert frávík var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Háafells ehf. á Nauteyri.

Starfsleyfi Háafells ehf. Nauteyri tekur til ársframleiðslu á 800 tonnum af laxa- og regnbogasilungsseiðum. Hámarkslífmassi á hverjum tíma skal ekki vera meiri en 800 tonn.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti

Í síðasta eftirliti Umhverfisstofnunar árið 2022, komu engin frávík fram en tvær ábendingar voru gerðar, annars vegar vegna útreikninga á losun fosfórs og hins vegar vegna geymslu á efnavöru. Nánar verður fjallað um ábendingarnar síðar í skýrslunni.

Settjörn rekstraraðila var hreinsuð og dýpkuð í mars 2024.

Talsverðar framkvæmdir standa yfir og er m.a. nýtt eldihús í byggingu.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Ársyfirliti fyrir árið 2022 var skilað þann 4. maí 2023.

Ársyfirliti fyrir árið 2023 var skilað þann 6. maí 2024.

Rekstraraðila er bent á að tryggja að ársyfirlit sé í samræmi við kröfur sem koma fram í gr. 4.4 í starfsleyfi.

Grænu bókhaldi fyrir árið 2022 var skilað þann 4. maí 2023.

Fullnægjandi grænu bókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.

Ársyfirliti og grænu bókhaldi skal skila fyrir 1. maí ár hvert og eru því skráð frávík vegna skilanna.

Ekki er krafa um að útstreymisbókhaldi vegna rekstursins sé skilað.

Losun fosfórs árið 2022 var 10,1 kg/tonn af framleiddum fiski sem er umfram þau 9,0 kg P/tonn af framleiddum fiski sem starfsleyfið heimilar. Samkvæmt leiðréttum útreikningum á

losun fosfórs árið 2023 var hún 6,7 kg/tonn af framleiddum fiski.
Vöktunaráætlun er í gildi og hafa mælingar verið gerðar skv. henni.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumatið og það uppfært. Dálitlar breytingar urðu á áhættumatinu en þær breyta ekki niðurstöðum þess.

4. Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti

Þær áætlanir sem skulu vera til staðar voru aðgengilegar og nýlega uppfærðar. Talsverðar breytingar hafa orðið á sumum áætlunum rekstraraðila síðan nýtt starfsleyfi var gefið út árið 2019 og fer Umhverfisstofnun því fram á að fá til sín uppfærðar áætlanir.

Tryggingaskírteini vegna bráðamengunar var ekki til staðar í eftirlitinu en var sent til eftirlitsaðila að því loknu.

Farið var yfir þau skjöl sem fylgdu fundarboði, þ.e. kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits, kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg og kynning á innheimtu eftirlitsgjalda.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Ábending var gerð í síðasta eftirliti um geymslu efnavöru. Öll efni voru geymd í efnaskáp en öryggisblöð voru ekki tiltæk og er það frávik frá starfsleyfi. Öryggisblöð skulu vera tiltæk alls staðar þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð. Eins og áður hefur komið fram standa talsverðar framkvæmdir yfir í stöðinni. Umgengni er mjög góð eftir atvikum og eru ekki gerðar athugasemdir við hana.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 4.4 í starfsleyfi	Ársyfirliti fyrir árið 2022 var ekki skilað innan tilskilins frests.
Gr. 4.4 í starfsleyfi	Ársyfirliti fyrir árið 2023 var ekki skilað innan tilskilins frests.
Gr. 4.5 í starfsleyfi	Grænu bókhaldi fyrir árið 2022 var ekki skilað innan tilskilins frests.
Gr. 4.5 í starfsleyfi	Fullnægjandi grænu bókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.
Gr. 3.4 í starfsleyfi	Fosfórlosun árið 2022 var umfram heimild í starfsleyfi.

Gr. 3.12 í starfsleyfi

Öryggisblöð voru ekki til staðar í stöðinni.

ÁBENDINGAR

Ein ábending var gerð í eftirlitinu en hún varðar að ársyfirlit skal vera í samræmi við gr. 4.4 í starfsleyfi rekstraraðila.

ANNAÐ


Vöktunaráætlun rekstraraðila gildir til ársins 2025 og er því hvatt til þess að vinna við nýja vöktunaráætlun hefjist sem fyrst. Minnt er á að áætlunin þarf að vera í samræmi við kröfur sem gerðar eru í stjórn vatnamála.

Á meðan eftirlitið fór fram var fiskur fluttur úr stöðinni og fylgdist eftirlitsmaður með þeirri vinnu. Ráðstafanir voru gerðar til að hindra óhöpp, s.s. slysasleppingar. Samkvæmt rekstraraðila stendur til að laga þá aðstöðu sem er til staðar og á m.a. að byggja bryggju.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.08.2024



Freyr Ávarsson

